

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 195/2023**

**frá 22. september 2023**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1525 frá 13. september 2022 um leyfi fyrir L-lýsínmonóhýdróklóríði og L-lýsínsúlfati, sem eru framleidd með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 14498, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 477. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1470) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„478. **32022 R 1525**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1525 frá 13. september 2022 um leyfi fyrir L-lýsínmonóhýdróklóríði og L-lýsínsúlfati, sem eru framleidd með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 14498, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stj tíð. ESB L 237, 14.9.2022, bls. 12).“

---

<sup>(1)</sup> Stj tíð. ESB L 237, 14.9.2022, bls. 12.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1525, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.